

Samkomulag forsendunefndar ASÍ og SA

Samningsforsendur sem tilgreindar eru í gildandi kjarasamningum SA og aðildarféлага ASÍ hafa ekki staðist vegna verðbólguþróunar. Forsendunefnd sem starfar á grundvelli samninganna hefur komist að eftirfarandi samkomulagi og er markmið þess að stuðla að því að stöðugt verðlag geti náðst á næsta ári.

Launaþróunartrygging

Starfsmaður sem er í starfi í júlíbyrjun 2006 og starfað hefur samfelldt hjá sama vinnuveitanda frá júní 2005 skal tryggð að lágmarki 5,5% launahækkun á þeim tíma. Hafi launahækkun starfsmanns verið minni á framangreindu tímabili skulu laun hans hækka frá 1. júlí um mismuninn á 5,5% og þeirri launahækkun sem hann naut á umræddu tímabili. Við samanburð launa á tímabilinu skal miða við föst viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum, hverju nafni sem þær nefnast.

Ákvæði þetta nær ekki til fiskimanna eða launamanna sem starfa í afkastatengdum launakerfum þar sem laun vegna frammistöðu eru meginhluti launa.

Á grundvelli framangreindrar viðbótar við samningsbundna launarþróun og yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands, dags 22. júní 2006, úrskurðar nefndin að kjarasamningar á samningssviði aðila haldi gildi sínu áfram og uppsögn þeirra sé ekki heimil í desember 2006. Í framangreindu felst full og endanleg niðurstaða í starfi nefndarinnar vegna athugunar á samningsforsendum á árinu 2006.

Reykjavík, 22. júní 2006

Vilhjálmur Egilsson

Gylfi Arnbjörnsson

Hannes G. Sigurðsson

Ólafur Darri Andrason